

Reglur um efnistöku á steypuefni á Harðakambi.

1. Reglur þessar gilda um efnistöku úr fjörunni á Harðakambi. Takmarka verður efnistöku við það sem fjaran þolir enda hætta á að náman verði eyðilögð ef gengið verður of nærri henni. Er reglum þessum ætlað að stuðla að því að þessum markmiðum verði náð.
2. Efnisnáman á Harðakambi verður í umsjón Snæfellsbæjar frá og með 1. febrúar 2014.
3. Allt efni sem leyft verður að taka úr fjörunni við Harðakamb skal eingöngu nota til steypugerðar enda er um úrvals efni til slíkra nota að ræða sem er til staðar í takmörkuðu magni.
4. Efnistakan er háð leyfi Snæfellsbæjar. Þeir sem vilja fá efni úr fjörunni við Harðakamb verða að afla skriflegs leyfis til þess hjá Tæknideild Snæfellsbæjar í hvert skipti sem efni er sótt. Tölvupóstur frá tæknideild Snæfellsbæjar telst skriflegt leyfi skv. þessari grein. Við veitingu leyfa skv. þessari grein skal farið eftir 7. gr. þessara reglna hvað varðar þau sjónarmið sem fylgja ber við ákvörðun um leyfisveitingu.
5. Ekki verður leyft að taka meira efni á svæðinu en sem nemur 4.000 rúmmetrum á ári. Tilgangur þessarar takmörkunar er að vernda námusvæðið, koma í veg fyrir ofnýtingu þess og stuðla að sjálfbærni.
6. Þeir sem fá leyfi til töku efnis á Harðakambi (hér eftir nefndir efnistakar) skulu fara eftir þeim verklagsreglum sem Snæfellsbær setur um hvernig skal standa að töku efnis. Munu reglur þessar koma fram í útgefnum leyfum.
7. Hámarks magn sem hver efnistaki getur fengið skv. hverju einstöku leyfi er 350 rúmmetrar. Stuðla skal að því að sem flestir geti fengið efni úr námunum. Verði ásókn í námuna mikil er tæknideild Snæfellsbæjar heimilt að takmarka aðgang hvers efnistaka þannig að sem flestir fái efni án þess þó að gengið sé of nærri fjörunni sem námu. Við veitingu leyfa skal byggja á málefnanlegum sjónarmiðum þar sem meðal annars skal líta til og hafa að markmiði að:
 - a. gætt sé jafnræðis aðila
 - b. gætt sé að náttúruvernd
 - c. gætt sé að því að ganga ekki of nærri námunum og endurnýjunargetu þeirra frá náttúrunnar hendi og að komið sé í veg fyrir að hætta sé á því að námunum sé spillt varanlega með notkuninni
 - d. gætt sé að því að efni úr námunum fari ekki til spillis
 - e. annarra lögmætra sjónarmiða
8. Allt það magn sem tekið er skal vigtað á hafnarvogum Snæfellsbæjar og greiðir efnistakinn kostnað af því skv. gjaldskrá. Á þetta við um alla efnistaka hvort sem þeir fá minna eða meira magn af efni. Fyrir hvern rúmmetra skal greiða kr. 300,- en

sú tala skal hækka í samræmi við hækkun neysluvísitölu eins og hún var í janúar 2014 (418,9).

9. Eftir hverja efnistöku skal sá sem fékk leyfi til hennar, senda til Snæfellsbæjar upplýsingar um hversu mikið magn hann tók af efni. Brot á reglum þessum varða bann við frekari efnistöku. Getur bannið varað í allt að tvö ár eftir umfangi brotsins. Sé brotið stórfellt þá er heimilt að banna viðkomandi efnistaka aðgang að námunni með varanlegum hætti. Jafnframt áskilur Snæfellsbær sér rétt til þess að leggja fram kæru á hendur viðkomandi efnistaka. Á það sérstaklega við ef brot eru stórfelld.

Samþykkt á 271. fundi bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

8. janúar 2015

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri